

III. Eftirtöldum bókasöfnum 1 eintak hverju af þeim ritlingum, bókum og tímaritum, sem prentsmiðjurnar prenta og tveim örkum eru stærri: **33**

27. júní

Amtsbókasafni Norðlendingafjórðungs, amtsbókasafni Austfirðingafjórðungs, amtsbókasafni Vestfirðingafjórðungs, bókasafni Ísafjarðarkaupstaðar, amtsbókasafni Færeyja, háskólabókasafninu í Winnipeg.

Undanskilið er allt það prentað mál, sem ekki er ætlað til sölu.

IV. Þjóðskjalasafninu 1 eintak af öllum þeim tímaritum og blöðum, sem prentsmiðjurnar prenta og út eru gefin einu sinni á mánuði eða oftar.

Hver prentsmiðja skal senda tvisvar á ári hverju, í janúar- og júlímánuðum, lögreglustjóra þess lögregluumdæmis, sem prentsmiðjan er í, allt það prentmál, sem henni ber að standa aðurnefndum söfnum skil á, ásamt skrá um það, sem prentað hefur verið, og annast lögreglustjóri sendingu á því til safnanna.

Vanskil á prentmáli varða sektum frá 25—2000 kr., ef eigi er bætt úr vanrækslu, þegar áminnt er um það.

Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur landsins senda landsbókaverði skrá um allt það, smátt og stórt, sem prentað hefur verið í þeim á árinu.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30 13. sept. 1901, lög nr. 80 22. nóv. 1907, lög nr. 43 30. júlí 1909, lög nr. 29 7. maí 1928 og lög nr. 18 12. júní 1939.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927.

34

27. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið 10 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsúa, og auk þess minnst 2% — tvo af hundraði — af innheimtum útsvörum. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka hreppsnefndaroddvitar laun samkvæmt þeim frá 1. jan. 1941.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.